

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 20. desember 2021
UST202112-057/B.S.
10.05.01

Efni: Framkvæmd við stækkun - æfingasvæði golfklúbbs Grindavíkur við Húsatóftir. Umsögn

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við golfvöll við Húsatóftir.

Ætlunin er að nýta uppmokstur úr húsagrunnum til að stækka golfvöllinn og er gert ráð fyrir að nota um 20.000 m³ af efni sem verður dreift í um 40 cm þykku lagi yfir hraun. Efninu verður tippa út á þann hátt að einungis verður ýtt út frá fyllingunni þannig að gera má ráð fyrir lágmarksraski á hrauni og að framkvæmdin sé a.m.k. að hluta afturkræf. Svæðið verður síðan grætt upp.

Umhverfisstofnun vill benda á að ef þess er kostur ætti ekki að þekja algerlega svæðið með jarðvegi heldur verði stakar hraunmyndanir látnar óhreyfðar til að brjóta upp annars einsleitt graslendi.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir þar sem framkvæmdin er að líkindum hafin, en beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur